

6. gr.

Fari svo að fé það, sem árlega verður handbært, þurfi ekki að nota allt til þess, sem áður er tekið fram, á því ári, skal leggja það sem afgangs verður í sparisjóð í Landsbankanum, og má þá nota það næsta ár. Þó skal aldrei geyma á þennan hátt stærri fjárhæð en sem svarar eins árs útborgunarhluta vaxta, heldur leggja það sem fram yfir er þegar við höfuðstólinn.

106

31. okt.

7. gr.

Sjóðnum stjórnar 3 manna nefnd, og eru í hana sjálfkjörnir hreppstjóri Hálsahrepps og sóknarpresturinn fyrir Stóra Ássókn, en hinn þriðja, karl eða konu, skal kjósa á vorhreppskilafundi Hálsahrepps til 5 ára í senn, þegar ártal endar á 5 eða 0. Nefnd þessi kys sér formann úr sinum hópi, og skiptir að öðru leyti með sér störfum. Hún skal bóka gerðir sínar jafnóðum og árlegan reikning sjóðsins í gerðabók, er kaupa skal fyrir fé hans. Endurskoðandi hreppsreiknings skal endurskoða reikning sjóðsins, og liggi hann síðan frammi með hreppsreikningi almenningi í hreppnum til athugunar.

Stóra Ási, 6. júní 1933.

Sigríður S. Þorsteinsdóttir. Helga Jónsdóttir. Guðrún Jónsdóttir.
Ástriður Jónsdóttir. Helga Sigurðardóttir. Jón Sigurðsson. Sigurður Bjarnason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Auðar Vésteinsdóttur frá Haukadal í Dýrafirði“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. október 1933. Skipulagsskráin er þannig:

107

31. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Auðar Vésteinsdóttur frá Haukadal

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Auðar Vésteinsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1930 af Kvenfélaginu „Von“ á Þingeyri sem 1000 ára minning Auðar Vésteinsdóttur konu Gísla Súrssonar með 300 kr. gjöf og 300 kr. gjöf frá Kvenfélaginu „Hugrún“ í Haukadal.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru framanskráðar 600 kr., sem leggja skal í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast þar til hann er orðinn 100.000 krónur. Þá má verja í því augnamiði sem getur í 4. gr. $\frac{3}{4}$ vaxta, en $\frac{1}{4}$ ávallt leggjast við höfuðstól, sem aldrei má skerða. Annað fé sem sjóðnum áskotnast með áheitum, gjöfum, dánarminningum eða á annan hátt, skal leggja í útborgunardeild Söfnunar-

107 sjóðsins og á sínum tíma ráðstafa í sama augnamiði, eftir því sem stjórn sjóðs-
31. okt. ins nánar ákveður.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að koma á fót dvalarstað fyrir lasburða gamalmenni svo fljótt sem stjórn sjóðsins sér það fært og skal gamalmönnum þar veitt dvöl fyrir svo lítið gjald, sem stofnuninni er frekast auðið og fyrir ekkert, þegar efnahagur hennar er svo góður. Sextugir menn og eldri hafa forgöngu að öðru jöfnu.

Einnig má veita þeim mönnum og konum aðgang að stofnuninni gegn fullu eftirgjaldi, sem ákveðið hafa að draga sig í hlé á efri árum, og kjósa þar friðsæla dvöl um lengri eða skemmri tíma.

Forgangsrétt til stofnunarinnar hafa íbúar Þingeyrarhrepps innan þeirra takmarka, sem nú eru á hreppnum. Þar næst getur starfssvið stofnunarinnar náð yfir Vestur-Ísafjarðarsýslu, þegar stjórn sjóðsins getur verið því meðmælt. Heimilið skal reist þegar stjórn sjóðsins sér sér það fært og skal það standa á hentugum stað, sem næst miðsveitis í hreppnum.

5. gr.

Þangað til sjóðurinn tekur til starfa skal stjórn kvenfélagsins „Von“ hafa stjórn hans og reikningshald á hendi. Hætti kvenfélagið „Von“ störfum, skal síðasti formaður þess tafarlaust tilkynna hreppsnefnd Þingeyrarhrepps upplausn félagsins og tekur hreppsnefndin þá þegar að sér kosningu stjórnarinnar, sem ávallt skal skipuð þremur konum úr Þingeyrarhreppi. Kosning í stjórnina fer fram þriðja hvert ár og gengur í fyrsta og annað sinn ein úr eftir hlutkesti, en endurkjósa má í stjórnina.

Þegar sjóðurinn kemst til framkvæmda bætast við tveir menn í stjórn, sóknarpresturinn og sýslunefndarmaður hreppsins; eru þeir báðir sjálfkjörnir. Hin nýja stjórn semur þá reglugerð fyrir stjórn og starfrækslu heimilisins, og sé hún lögð undir samþykki sýslunefndar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins og stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu vera gerðir og endurskoðaðir í hreppnum fyrir febrúarlök.

7. gr.

Endurskoða má skipulagsskrá þessa með aldar millibili af stjórn sjóðsins, og samþykki sýslunefnd breytingarnar, en aðaltilgang hennar samkv. 4. gr. má þó ekki fella niður.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi kvenfélagsins „Von“ á Þingeyri, 14. maí 1933.

Í stjórn félagsins:

Estíva Björnsdóttir,
form.

Halldóra Proppé,
féhirðir.

Guðrún Benjamínsdóttir,
ritari.